

Alþingi
Erindi nr. P 141/869
komudagur 4.12.2012



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 -10

150 Reykjavík

4. desember 2012

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar "um breytingar á skattkerfi til að styrkja íslenskan hugverkaiðnað, 118. mál.

Hátækni- og sprotavettvangur skila hér með umsögn um tillöguna.

Fagnað er þeim anda sem felst í tillögunni að skoða með jákvæðum hætti "hvort taka megi upp þá hvata hér á landi, sem erlend ríki hafa innleitt til að styrkja vaxandi fyrirtæki innan hugverkageirans í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð". Tekið er undir að starfshópurinn verði m.a. skipaður fulltrúum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Hátækni- og sprotavettvangs, en benda jafnframt á að beinir fulltrúar hugverkaiðnaðarins s.s. SI og SSP þurfa einnig að koma að hópnum.

Vettvangurinn bendir á að þegar liggur fyrir mótuð tillaga á grunni ESA leiðbeininga um framkvæmd "skattafsláttar vegna hlutabréfakaupa í nýsköpunarfyrirtækjum", sem útfærð hefur verið á grunni stefnumótunar tækni- og hugverkagreina og áframhaldandi umræðu á Tækni- og hugvekaþingi á síðasta ári. Ráðherranefnd í atvinnumálum setti þá tillögu einnig í háan forgang. Sama tillaga hefur einnig verið sett fram nýrri greinargerð SA um umbætur í skattamálum. Sjá nánar kafla 4.5 bls 29 ->

<http://www.sa.is/files/Skattstofnar%20atvinnulífsins.%20Ræktun%20eða%20rányrkja.27540433.pdf>

Það er því takmörkuð þörf á að ræða margar nýjar útfærslur á fyrirliggjandi tillögu um skattafslátt vegna hlutabréfakaupa, heldur hefja raunverulega vinnu við gerð frumvarps á grunni hennar. Rökin sem fram koma í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni segja í raun allt sem segja þarf um mikilvægi málsins til að mæta samkeppni frá öðrum þjóðum um fólk og fyrirtæki í tækni- og hugverkagreinum.

Hins vegar er gott að skoða aðrar breytingar á skattkerfinu til að efla nýsköpun í íslensku atvinnulífi án þess að innleiðing á fyrirliggjandi tillögu varðandi hlutabréfakaup í nýsköpunarfyrirtækjum, sem flestir eru þegar sammála um, tefjist vegna nýrra nefndarstarfa.

Virðingarfyllt,
f.h. Hátækni- og sprotavettvangs

